



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upptöku Tobin-skatts

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreinda tillögu til þingsályktunar. Samkvæmt tillögunni er ríkisstjórninni ætlað að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að hafnar verði viðræður til að undirbúa upptöku Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa. Samtímis fari fram athugun á hvort Íslendingar einhliða eigi að setja skatt á gjaldeyrisviðskipti til að verja samfélagið fyrir óábyrgri spákaupmennsku með gjaldmiðil þjóðarinnar.

Hagfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn James Tobin setti fram hugmynd sína um fyrrnefndan veltuskatt á fjármagnsflutninga milli landa árið 1972 en þá hafði árum saman verið mikill órói á fjármálamörkuðum heims. Þá eins og nú ollu miklar sveiflur í gengi hinna ýmsu gjaldmiðla talsverðum vandræðum. Oft voru gríðarlegar upphæðir færðar úr einum gjaldmiðli í annan af, að því er virtist, þeirri ástæðu einni að aðilar á fjármagnsmörkuðum voru að reyna að gera sér fé úr spám um breytingar á gengi til mjög skamms tíma. Röksemd Tobins var sú að jafnvel mjög lágur skattur myndi eyða möguleikum á að hagnast á litlum breytingum á gengi. Því myndu miklu minni viðskipti verða með gjaldmiðla og um leið yrði gengi þeirra stöðugra.

Reyndar er það svo að þrátt fyrir að glímt hafi verið við alvarlegan vanda við stjórn efnahagsmála hér á landi og víða annars staðar allt frá hausti ársins 2007 er rót þess vanda ekki að finna í óstöðugleika gjaldeyrismarkaða heldur í ofskuldsetningu mikilvægra aðila í hagkerfinu; ýmist einkageira, fjármálafyrirtækja eða opinberra aðila.

Þó svo að flestir séu sammála um að sveiflur á gjaldeyrismörkuðum og raunar ýmsum öðrum mörkuðum geti verið vandamál þá hefur hugmynd Tobins aldrei komist nálægt því að verða hrint í framkvæmd. Þar kemur margt til. Skatturinn er ekki talinn koma að gagni nema um hann náist alþjóðleg samstaða. Það stafar af því hve auðvelt er að færa viðskipti milli markaða til að forðast skattlagningu. Ekki liggur fyrir hvernig innheimta beri skattinn, hver eigi að vera vörsluaðili teknanna og hvernig eigi að ráðstafa honum, t.d. þegar um er að ræða viðskiptaaðila með mismunandi ríkisfang. Þá eru margir hagfræðingar tortryggir á allar tilraunir til að reka fleyga á milli kaupenda og seljenda á mörkuðum eða á annan hátt að reyna að draga úr skilvirkni markaða.

Gjaldeyrisviðskipti á Íslandi búa nú við margvísleg gjaldeyrishöft sem hefta nánast öll viðskipti nema vegna vöru og þjónustu. Þá er ljóst að á brattann verður að sækja á næstu árum að opna fyrir aðgang innlendra aðila að erlendum lánamörkuðum og fá



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

erlenda aðila til að leggja áhættufjármagn í nýfjárfestingar hér á landi. Hvort tveggja er nauðsynlegt til að rjúfa kyrrstöðuna í efnahagslífinu. Skattur á gjaldeyrisviðskipti hér á landi myndi ekki greiða götu þessa.

Það er mat Samtaka atvinnulífsins að óraunhæft sé að einstök lönd fari fram og taki upp veltuskatt á gjaldeyrisviðskipti milli landa. Slík viðskipti eru bæði kvik og alþjóðleg og einhliða upptaka slíks skatts myndi einungis skaða samkeppnisstöðu atvinnulífs viðkomandi lands. Í annan stað hafa íslensk stjórnvöld eða íslenskt hagkerfi ekki þau áhrif á alþjóðavísu að ætla megi að frumkvæði Íslands geti hreyft við öðrum þjóðum í að taka upp umræddan skatt á alþjóðavísu. Umræður á alþjóðavettvangi um þennan skatt gefa ekki tilefni til þess að ætla að hann fái brautargengi. Loks má geta þess að á vettvangi G20-ríkjanna er verið að kljást við afleiðingar fjármálahrunsins. Þar er m.a. til umfjöllunar alþjóðlegur skattur á fjármagnsfyrirtæki sem ætlað er að draga úr hættu á ofrisi á fjármálamarkaði. Það er mat SA að rétt sé að bíða niðurstöðu á þeim vettvangi.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

